

35. Frumvarp

til laga um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Stofna skal sjerstackan sjóð til að tryggja barnakennurum, er leggja niður starf sitt, annaðhvort fyrir ellisakir eða vanheilsu, geymdan lífeyri, svo og lífeyri handa ekkjum þeirra. Sjóðurinn stendur undir umsjón ríkisstjórnarinnar, og annast hún reikningshald hans. Stofnfje sjóðsins er styrktarsjóður barnakennara, eins og hann verður, er lög þessi koma til framkvæmda.

2. gr.

Ríkisstjórnin setur reglur um stjórn sjóðsins og skipulag hans.

3. gr.

Hver kennari, karl eða kona, sem laun tekur eftir launalögum barnakennara, skal kaupa lífeyri í sjóði þeim, sem ræðir um í 1. gr., og verja til þess 7% af árslaunum sínum.

Nú nema árslaun meiru en 3000 kr., og greiðist þá ekkert gjald af því, sem er fram yfir þessa upphæð.

Iðgjöldum skal halda eftir af þeim hluta launanna, sem barnakennarar fá greiddan úr ríkissjóði.

4. gr.

Þegar barnakennari er leystur frá starfi sínu annaðhvort fyrir sakir elli eða vanheilsu, skal hann fá greiddan úr sjóðnum lífeyri, sem nemur 25% af samanlögðum öllum þeim launum, er hann hefir greitt iðgjöld af í lífeyrissjóðinn og einum fjórða hluta þeirra launa, sem hann hefir greitt iðgjöld af í styrktarsjóð barnakennara.

Lífeyrir þessi má þó aldrei fara fram úr $\frac{3}{4}$ hámarkslauna þeirra, sem kennarinn hefir haft.

Nú er barnakennari orðinn 70 ára að aldri, eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er 95 ár, og á hann þá rjett á að leggja kenslustarf sitt niður og taka lífeyri samkvæmt lögum þessum.

Verði sú breyting gerð á fræðsluhjeruðum eða skólahjeruðum, sem gerir stöðu kennara óþarfa, svo að hann verði að láta af henni endurgjalds-laust, og fari hann ekki í aðra kennarastöðu, og hefir hann þá rjett til að fá endurgreidd úr lífeyrissjóðnum vaxtalaust og afdráttarlaust iðgjöld þau, sem hann hefir greitt í sjóðinn. Ef hann kys það heldur, mega iðgjöld hans standa inni í sjóðnum þangað til hann er 70 ára, og fær hann þá lífeyri samkvæmt 4. gr. og ekkja hans samkvæmt 5. gr.

5. gr.

Ekkja eftir barnakennara, sem hafði rjett til lífeyris, eða naut lífeyris, er hann ljest, fær lífeyri úr sjóðnum með þeim undantekningum, sem segir í 7. gr.

Lífeyrir ekkju nemur $\frac{1}{5}$ af byrjunarlaunum þeirrar kennarastöðu, sem maður hennar var í, þegar hann ljest, eða þeirrar, sem hann fjekk lausn frá.

6. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann eftir því sem ákveðið verður í reglugerð þeirri, er í 2. gr. getur.

7. gr.

Ekkja eftir barnakennara öðlast ekki rjett til lífeyris úr sjóðnum, nje líffjár úr ríkissjóði, ef hún hefir gifst eldra manni en 60 ára, eða á banasæng manns sins, eða eftir að hann fjekk lausn frá kennarastarfi, eða ef hjónabandinu var gersamlega slitið áður en maðurinn dó.

8. gr.

Rjettur ekkju til lífeyris fellur burtu:

1. Ef ekkjan giftist af nýju.
2. Ef hún tekur sjer bústað utanríkis án samþykkis stjórnar sjóðsins.
3. Ef hún hirðir ekki líflje í 3 ár samfleytt án þess að sanna lögmæt forföll.
Nú missir ekkja lífeyri af því að hún heflr gifst af nýju, og á hún þá rjett á að fá hið sama líflje, ef hún verður ekkja í annað sinn.

9. gr.

Ekill konu, sem verið heflr í kennarastöðu, heflr sama rjett til lífeyris úr sjóðnum sem ekkja barnakennara, með öllum sömu takmörkunum.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi nmmín Lög um styrktarsjóð handa barnakennurum 9. júlí 1909 og Lög um breyting á lögum um styrktarsjóð handa barnakennurum 20. okt. 1915.

11. gr.

Ákvæði þessara laga gilda frá 1. jan. 1921.

A t h u g a s e m d i r.

Hið framanskráða frumv. er að flestu leyti sniðið eftir frumv. um lífeyrissjóð embættismanna, sem lagt er fyrir Alþingi samhliða þessu frumv. Er frumv. flutt eftir beiðni fræðslumálastjóra, forstöðumanns kennaraskólans og Sig. Jónssonar, barnakennara í Reykjavík, og sendu þeir stjórninni uppkast, sem var sniðið allnákvæmlega eftir nefndu frumv. um lífeyrissjóð embættismanna, en með samkomulagi við þá heflr frumv. verið breytt á þann veg, að greiðslur allar úr ríkissjóði til ekkna og barna kennara falli niður, þar sem ekki þótti fært að binda ríkissjóði þyngri bagga af fræðslumálum barna, en þegar er orðið, enda ber og á það að líta, að þar sem barnakennarar eru ekki að öllu leyti launaðir úr ríkissjóði virðist ekki sanngjarnt, að líflje ekkna og framfærslueyrir barna þessara kennara verði greitt að öllu úr ríkissjóði.

Að öðru leyti er vísað til athugasemdanna við áðurnefnt frumv. um lífeyrissjóð embættismanna.

Frá tjeðum 3 mönnum fylgdi frumv. svohljóðandi brjef.

Fræðslumálastjórinn

Reykjavík 3. janúar 1921.

Þegar styrktarsjóður barnakennara var stofnaður með lögum árið 1009, voru laun barnakennara svo bágborin að ekkert mátti út af bera fyrir flestum að þeir kæmust ekki hreint og beint á vonarvöl og þá auðvitað ekkert við að

styðjast, þegar þeir urðu að leggja niður kennarastarfið fyrir sakir elli eða vanheilsu. Sjóðurinn var stofnaður til að bæta að einhverju leyti úr þessu ástandi, til að bæta í svip úr sárustu þörf einstakra kennara. En fyrir þeim mönnum, sem beittust fyrir því að sjóður þessi yrði stofnaður, hefir alt af vakað, að honum yrði á sínum tíma breytt í almennan eftirlaunasjóð eða lífeyrissjóð.

Á þeim 10 árum, sem Styrktarsjóðurinn hefir starfað, hafa 19 kennarar notið styrks úr honum, samtals að upphæð 9515 kr., og sýnir það, að hjer hefir ekki verið vanþörf á að rjetta hjálparhönd, En nú hefir orðið svo mikil breyting til batnaðar á launum barnakennaranna, að minni þörf mun eftirleiðis verða á þannig löguðum styrk. Og þar sem sjóðurinn er nú orðinn 50000 kr., virðist oss tími til kominn að breyta honum og tilgangi hans. Vjer höfum því samið frumvarp til laga um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra, er vjer sendum Stjórnarráðinu hjer með, og mælumst virðingarfylst til, að það leggi frumvarpið fyrir Alþingi í ár

Um frumvarp þetta látum vjer að öðru leyti nægja að taka fram, að það er í öllum aðalatriðum sniðið eftir frumvarpi því til laga um lífeyrissjóð embættismanna, sem væntanlega verður lagt fyrir næsta þing. Það er tilætlunin að sjóðurinn beri sig sjálfur, og að rikissjóði sjeu ekki bundnar neinar byrðar með þeirri ábyrgð, sem hann tekur á sig samkvæmt frumvarpinu. En skyldi samt sem áður svo fara, að iðgjöldin reyndust of lág, lætur stjórnin að sjálfsögðu hækka þau, eins og hún líka mun láta lækka þau, ef þau reyanst í framkvæmd of há.

Virðingarfylst.

Jón Þórarinsson.

Magnús Helgason.

Sigurður Jónsson.

Til Stjórnarráðsins.